



**Kveðja
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
til starfsfólks Icelandair**

Í gær var tilkynnt um fjölmennustu hópuppsagnir í sögu Íslands. Rúmlega 2000 starfsmenn Icelandair misstu atvinnu sína. Í ljósi aðstæðna kom þessi sársaukafulla ákvörðun ekki á óvart. Varnir gegn veirunni skæðu valda því að flugsamgöngur liggja nær allar niðri um víða veröld.

Um árabíl hefur Icelandair verið eitt mikilvægasta fyrirtæki landsins, veigamesti hlekkurinn í þeirri keðju fyrirtækja í ferðaþjónustu sem hefur eflst og styrkst undanfarin ár, landi og þjóð til heilla.

Í sögu flugrekstrar á Íslandi hafa skipst á skin og skúrir. Ætíð hefur sú vegferð þó verið mörkuð bjartsýni, dirfsku og dug. Frumherjarnir vörðuðu þá leið á sínum tíma og þessi stórhugur mun koma okkur að góðu gagni nú þegar við ærinn vanda er að etja.

Það mun birta til. Þá mun þeim aftur fjölga sem þurfa á þjónustu Icelandair að halda og þá verður aftur sóst eftir kröftum þeirra sem hafa lagt sig fram í störfum fyrir félagið um lengri eða skemmri tíma.

Um leið og við Eliza þökkum fyrir lipra og trausta þjónustu í áranna rás færum við öllu starfsliði Icelandair hlýjar kveðjur og góðar óskir – og hlökkum til ferða með þessu ágæta flugfélagi okkar Íslendinga í framtíðinni.

Guðni Th. Jóhannesson